

## ÚTKOMIÐ Í A-DEILD STJÓRNARTÍÐINDANNA 1925.

*Auglýsing um póstsamninga við erlend ríki*, undirskrifuð af atvinnu- og samgöngumálaráðherra 27. júlí 1925.

*Auglýsing um að út sjeu gefnir nýir 50, 10 og 5 króna ríkissjóðsseðlar, samkvæmt lögum nr. 7, 4. maí 1922, sbr. lög nr. 10 frá 29. maí 1925*, undirskrifuð af fjármálaráðherra 9. júlí 1925.

*Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs*, undirskrifuð af konungi 7. október 1925.

*Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn*, undirskrifuð af konungi 11. október 1925.

*Tilskipun um tekjuskatt sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn o. fl.*, undirskrifuð af konungi 19. október 1925.

*Opið brjef, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar 6. febrúar 1926*, undirskrifað af konungi 3. desember 1925.

*Konungsbrjef um setning Alþingis*, undirskrifað af konungi sama dag.

*Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs*, undirskrifuð af konungi 25. nóvember 1925.

*Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn*, undirskrifuð af konungi 2. desember 1925.

*Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til borgarstjórans í Reykjavík um kjörgengisskýrði til borgarstjórastöðunnar í Reykjavík.* 1  
12. jan.

Með brjefi, dags. 4. þ. m., hafa 5 bæjarfulltrúar skotið undir úrskurð ráðuneytisins ályktun, sem gerð var á aukafundi bæjarstjórnarinnar hinn 29. í. m., með 6 atkv. gegn 5, þar sem þeir telja ályktun þessa ranga, en hún hljóðar svo:

»Bæjarstjórn Reykjavíkur telur það vafalaust, að sjera Ingimar Jónsson á Mosfelli skorti kjörgengisskýrði til borgarstjórastöðunnar í Reykjavík. Ályktar bæjarstjórnin þess vegna, að borgarstjórakosning 30. jan. 1926 skuli ekki fram fara, en kjörstjórninni beri að veita kjörbrjef eina löglega frambjóðandanum, Knud Zimsen borgarstjóra.«

Út af þessu er bæjarstjórninni tjáð það, sem hjer segir:

Í 1. gr. laga nr. 30, 4. júní 1924, um kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur, er svo fyrir mælt, að þeir hafi kjörgengi við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, sem hafi kosningarrjett við slíkar kosningar, en

skilyrði fyrir kosningarrjetti er það, meðal annars, að hlutaðeigandi hafi átt lögheimili í bænum í eitt ár, þegar kosning fer fram og er engin efi á, að þar er átt við síðasta árið áður kosning fer fram, enda hefir þetta ákvæði jafnan verið skilið svo, er um samningu kjörskrár var að ræða. Nú er það engum efa undirorpið, að sjera Ingimar Jónsson á Mosfelli í Grímsnesi fullnægir ekki þessu skilyrði, og verður því að telja fyrri hluta framangreindrar ályktunar bæjarstjórnarinnar rjettan.

Um síðari hluta ályktunarinnar er þess að geta, að þótt það sje ekki í lögum tekið fram beinlínis, að úrskurður skuli feldur um kjörgengi umsækjanda við borgarstjórakosningar áður en kosning fer fram, þá verður ráðuneytið þó, með tilliti til þeirra afleiðinga, sem hið gagnstæða gæti haft, að telja það rjett, að svo sje gert, enda eru bein fyriræli um slíkan úrskurð í 2. gr. laga nr. 20, 20. okt. 1913, þegar um bæjarstjórnarkosningar er að ræða og virðist rjett að lögfafna frá því ákvæði, en ekki frá þar að lútandi ákvæðum laga nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, því að borgarstjórakosning er vitanlega skyldari bæjarstjórnarkosningum en alþingiskosningum.

Af ástæðum þeim, sem að framan eru nefndar, telur ráðuneytið ekki rjett að breyta umræddri ályktun bæjarstjórnarinnar og á hún því að standa óhögguð.

Þetta er yður, herra borgarstjóri, hjermeð tjáð, til birtingar fyrir bæjarstjórninni.

## 2

2. jan.

## REGLUGJÖRÐ

fyrir

**Slysatryggingu ríkisins, samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925.**

### 1. gr.

Slysatryggingu ríkisins er stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins. Skiftir stjórnin sjálf störfum sín á milli.

Samkv. 18. gr. slysatryggingarlaganna eru auk stjórnarinnar 2 menn, annar valinn af fulltrúanefnd atvinnurekenda, en hinn af Alþýðusambandi Íslands, sem hafa rjett til að fylgjast með öllum rekstri Slysatryggingarinnar. Er þeim heimilt að mæta á stjórnarfundum, en ekki hafa þeir þar atkvæðisrjett.

Kostnaður við stjórn Slysatryggingarinnar greiðist úr ríkissjóði. Þar til telst eigi borgun til fulltrúa atvinnurekenda og verkamanna, heldur greiðist þeim þóknun úr sjóði Slysatryggingarinnar.

### 2. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fá sjer þá aðstoð, er þurfa þykir, meðal annars læknisaðstoð við úrskurðun örorkubóta og dagpeninga.

### 3. gr.

Slysatryggingin skiftist í 2 deildir, sem halda skal aðgreindum, sjó-